



# Uppgjör Landsbankans

janúar – júní 2015

---



20. ágúst 2015

## Fréttatilkynning vegna hálfis árs uppgjörs Landsbankans árið 2015

# Landsbankinn hagnast um 12,4 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2015

Afkoma Landsbankans var jákvæð um 12,4 milljarða króna eftir skatta á fyrri helmingi ársins 2015 samanborið við 14,9 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2014. Hreinar vaxtatekjur voru 16,2 milljarðar króna og hækka um 6% á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur námu 3,4 milljörðum króna og hækka um 16% frá sama tímabili árið áður. Virðisbreytingar útlána lækka um 9,6 milljarða króna á milli ára, en hagnaður af hlutabréfum hækkar á sama tíma um tæpa 5 milljarða. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 10,4% á ársgrundvelli samanborið við 12,8% á sama tímabili árið áður.

Kostnaðarhlutfall lækkar umtalsvert, er 44,8% á fyrri helmingi ársins en var 54,9% á sama tímabili árið áður. Rekstrarkostnaður hækkar um 2% milli ára, en betri tekjusamsetning skýrir lækkun kostnaðarhlutfallsins. Innlán frá viðskiptavinum hafa aukist um 13% á árinu og útlán um 6% en hluta þess má rekja til samruna við Sparisjóð Vestmannaeyja í lok mars, en rekstraráhrifa hans gætir nú í uppgjöri bankans í fyrsta sinn. Á fyrri helmingi ársins námu ný íbúðalán 31,7 milljarði króna, en voru 21,5 milljarður króna á sama tíma á síðasta ári. Landsbankinn var með mesta markaðshlutdeild í bæði hlutabréfa- og skuldabréfaviðskiptum í Kauphöll á fyrri hluta árs.

Steinþór Pálsson, bankastjóri segir: „Afkoma Landsbankans fyrstu sex mánuði ársins er með ágætum, tekjusamsetningin betri en áður og fjárhagsstaðan er traust. Bankinn hefur notið góðs af hagstæðri þróun í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum og viðskipti hafa verið að aukast umtalsvert. Markaðshlutdeild bankans í útlána- og innlánastarfsemi og í markaðsviðskiptum heldur áfram að aukast. Samkvæmt mælingum Gallup í júní mælist Landsbankinn með mestu markaðshlutdeildina á einstaklingsmarkaði, eða 35,1% og hefur aldrei mælst hærrí. Þetta sýnir að viðskiptavinir kunna að meta það sem Landsbankinn er að gera.

Í lok mars sameinaðist Sparisjóður Vestmannaeyja við Landsbankann. Samþætting starfseminnar hefur gengið vel og leggur bankinn áherslu á að veita öflugan fjármálaþjónustu á starfssvæðum sparisjóðsins til hagsbóta fyrir íbúa og atvinnulíf.

Í júlí hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) lánshæfiseinkunn bankans í BBB- með jákvæðum horfum. Landsbankinn er nú kominn í fjárfestingarflokk og það eykur traust til bankans á mörkuðum og styður við fjármögnun hans í nánustu framtíð, bæði á innlendum og erlendum mörkuðum.

Áætlanir stjórnvalda um losun fjármagnshafta munu að öllum líkindum hafa töluverð áhrif á ýmsar stærðir í efnahagsreikningi bankans. Landsbankinn er vel undir það búinn að mæta útlæði innlána í eigu slitabúanna sem ójákvæmilega mun leiða af losun fjármagnshaftana.

Það sem af er árinu hefur Landsbankinn unnið að innleiðingu nýrrar stefnu sem nær til ársins 2020 og felur hún í sér umfangsmiklar breytingar sem ætlað er að skila árangri bæði til skemmri og lengri tíma. Stefnan felur í sér enn frekari hagræðingu í rekstri, m.a. með því að koma miðlægri starfsemi bankans undir eitt þak en Landsbankinn hefur tekið sér frest til að vega og meta þau sjónarmið sem fram hafa komið um fyrirhugaða nýbyggingu. Í stefnunni er lögð áhersla á að veita viðskiptavinum fyrirmyndarþjónustu, þróa rafræna þjónustu, auka skilvirkni stöðeininga, móta nútímalegra tækniumhverfi og hagkvæman efnahagsreikning um leið og áhættu er haldið innan marka. Þá er sérstök áhersla lögð á árangursmiðaða menningu innan bankans. Saman eiga þessir þættir sem brotnir hafa verið niður í 7 verkstrauma, að skila ánægðum og tryggum viðskiptavinum og starfsmönnum, hagkvæmum rekstri og ásættanlegri arðsemi eigin fjár til framtíðar.“

## Helstu stærðir úr rekstri og efnahag á öðrum fjórðungi 2015

- » Hagnaður nam 6 milljörðum króna á 2F 2015 samanborið við 10,6 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2014.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta lækkar á milli tímabila og var 10,1% á 2F 2015 samanborið við 18,4% á sama ársfjórðungi 2014
- » Virðisbreytingar útlána lækka talsvert á milli tímabila og voru 0,2 milljarðar í samanburði við 7,3 milljarða á 2F 2014.
- » Hreinar vaxtatekjur hækkuðu milli tímabila og voru 8,9 milljarðar á 2F 2015 en voru 7,4 milljarðar á 2F 2014.
- » Hreinar þjónustutekjur hækkuðu á milli tímabila og voru 1,8 milljarðar á 2F 2015 samanborið við 1,4 milljarða á sama tímabili árið áður.

## Helstu stærðir úr rekstri og efnahag á fyrri helmingi ársins 2015

### Rekstur:

- » Hagnaður Landsbankans nam 12,4 milljörðum króna eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins 2015, samanborið við 14,9 milljarða króna á sama tíma á árinu 2014.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta nam 10,4% samanborið við 12,8% fyrir sama tímabil árið 2014.
- » Hreinar vaxtatekjur námu 16,2 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins í samanburði við 15,2 milljarða króna á sama tímabili árið 2014.
- » Hreinar vaxtatekjur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna voru 2,8% á fyrstu sex mánuðum ársins en 2,6% á sama tímabili árið 2014.
- » Hreinar þjónustutekjur námu 3,4 milljörðum króna og hafa aukist um 16% frá sama tímabili árið áður, einkum vegna breytinga á kortamarkaði og aukinna umsvifa í markaðsviðskiptum.
- » Aðrar rekstrartekjur hækka um 4 milljarða króna sem skýrist að mestu af auknum hagnaði af hlutabréfum.
- » Virðisbreytingar útlána á fyrstu sex mánuðum ársins voru jákvæðar um 1,8 milljarða króna, en lækka engu að síður verulega milli ára, en á sama tímabili árið 2014 voru virðisbreytingar jákvæðar um 11,4 milljarða króna.
- » Laun og launatengd gjöld hækka um 2% á milli tímabila en sú hækkun skýrist að mestu leyti af gjaldfærslum vegna starfslokasamninga. Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum hækkar um 3% en sú hækkun skýrist af auknu framlagi í Tryggingasjóð innistæðueigenda og áhrifum samruna.
- » Kostnaðarhlutfall fyrstu sex mánuði ársins var 44,8% samanborið við 54,9% á sama tíma árið áður.
- » Stöðugildi 30. júní voru 1.088 en voru 1.162 á sama tíma fyrir ári. Frá árslokum 2011 hefur stöðugildum í Landsbankanum fækkað um 18,4% eða sem nemur 245 stöðugildum að teknu tilliti til samruna við önnur fjármálafyrirtæki á tímabilinu.

## Efnahagur:

- » Eigið fé bankans nam í lok júní um 239,9 milljörðum króna og hefur það lækkað um 4% frá áramótum. Á fyrsta ársfjórðungi var greiddur tæplega 24 milljarða króna arður til hluthafa.
- » Eiginfjárhlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) er nú 28,0% en var 26,8% í lok júní 2014.
- » Heildareignir bankans námu 1.173 milljörðum í lok júní 2015.
- » Innlán viðskiptavina hafa aukist umtalsvert og eru 621 milljarðar króna í lok júní 2015.
- » Ný útlán til viðskiptavina á fyrir helming ársins voru 95 milljarðar króna, en að teknu tilliti til afborgana, virðisbreytinga og fleiri þátta hækka heildarútlán um 43 milljarða á tímabilinu. Þar af um 7 milljarða vegna samruna við Sparisjóð Vestmannaeyja á fyrsta ársfjórðungi.
- » Lausafjárstaða bankans er mjög sterk, bæði í erlendri mynt og í íslenskum krónum og vel yfir kröfum eftirlitsaðila.
- » Gjaldeyrisjöfnuður bankans er í góðu horfi og eignir í erlendri mynt eru um 19 milljarðar króna umfram skuldir í erlendri mynt.
- » Heildarvanskil hjá fyrirtækjum og heimilum stóðu í 2,3% í lok júní 2015, og hafa staðið í stað á árinu.

	1H 2015	1H 2014	2F 2015	2F 2014
	<i>Allar upphæðir í milljónum króna</i>			
Hagnaður eftir skatta	12.405	14.878	5.993	10.590
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,4%	12,8%	10,1%	18,4%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	2,2%	2,6%	2,0%	3,7%
Vaxtamunur / heildareignir	2,8%	2,6%	3,1%	2,6%
Kostnaðarhlutfall *	44,8%	54,9%	41,7%	43,7%

	1H 2015	1H 2014	2014	2013
Heildareignir	1.172.669	1.154.598	1.098.370	1.151.516
Útlán til viðskiptavina	761.290	699.648	718.355	680.468
Innlán frá viðskiptavinum	621.023	473.356	551.435	456.662
Eigið fé	239.852	235.894	250.803	241.359
Eiginfjárhlutfall (CAR)	28,0%	26,8%	29,5%	26,7%
Fjármögnunarþekja NSFR FX	139%		134%	
Lausafjárþekja LCR alls	119%	110%	131%	102%
Lausafjárþekja LCR FX	377%	208%	614%	208%
Gjaldeyrisjöfnuður	19.446	18.514	20.320	14.457
Vanskilahlutfall (>90 daga)	2,3%	4,0%	2,3%	5,3%
Stöðugildi	1.088	1.162	1.126	1.183

\* Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)

## Aðrir þættir í rekstri fyrstu sex mánuði ársins 2015

- » Landsbankinn hf. og Sparisjóður Norðurlands ses. skrifuðu undir samrunaáætlun 30. júní. Samruninn er ekki genginn í gegn þar sem hann er háður ákveðnum fyrirvörum sem á eftir að uppfylla.
- » Samkvæmt mælingum Gallup í júní var Landsbankinn með mesta markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði á fyrri hluta ársins, eða 35,1% og hefur hún aldrei mælst hærrí. Mikill vöxtur er einnig í íbúðalánum bankans, en á fyrri helmingi ársins námu ný íbúðalán 31,7 milljörðum króna, en voru 21,5 milljarður króna á sama tíma á síðasta ári.
- » Í lok júní var Landsbankinn með mestu markaðshlutdeild í Kauphöll fyrir bæði hluta- og skuldabréf. Markaðshlutdeild bankans í hlutabréfaveltu var 30,3% og var markaðshlutdeild skuldabréfaveltu bankans 21,5%
- » Í maí seldi Ístak hf. dótturfélag Landsbankans, fyrirtækið Ístak Ísland ehf., danska verktakafyrirtækinu Per Aarsleff AS.
- » Í könnun Gallup í mars 2015, sem unnin var fyrir Landsbankann, kom fram að flestir aðspurðra, eða sem nemur 40%, myndu velja sér Landsbankann þegar kemur að eignastýringarþjónustu.
- » Á aðalfundi bankans 18. mars var samþykkt að greiða eigendum bankans um 24 milljarða króna í arð. Landsbankinn hefur greitt rúmlega 53 milljarða króna í arð vegna síðustu þriggja rekstrarára.
- » Í mars varð Landsbankinn fyrstur banka á Íslandi til að hljóta gullmerki Jafnlaunaúttektar PWC. Landsbankinn er jafnframt stærsta fyrirtækið sem hefur undirgengist og staðist þá úttekt.
- » Annað árið í röð taldi alþjóðlega fjármálarítið Global Finance Landsbankann besta bankann á Íslandi.
- » Annað árið í röð valdi alþjóðlega fjármálatímarítið International Finance, Landsbankann besta bankann á Íslandi og taldi netbanka Landsbankans besta netbankann.
- » Nýr netbanki einstaklinga var tekinn í notkun í janúar. Í febrúar var hann valinn besta þjónustusvæðið af dómnefnd Íslensku vefverðlaunanna